Ferli við vinnslu stjórnarfrumvarpa

Yfirlitsmynd 1

Tímalína stjórnarfrumvarps - fyrri hluti

Úrlausnarefni, stöðumat og valkostagreining

Undirbúningur:
- T.d. unnin stöðumatsskýrsla
- Ráðleggingar FJR og FOR

Valkostir:
- Lagasetning
- Önnur úrræði
- Ekkert aðhafst

Áform um lagasetningu

Skjalavinnsla:
- Fasamál stofnað í Málaskrá, einnig fyrir endurflutt mál. Eyðublöð o.fl. í fasahjálp.
- Útbúa þarf:
1) „Verkefnisáætlun“
2) „Áform um lagasetningu“
3) „Mat á áhrifum/ frummat“, sbr. gátlista um fjárhag ríkisins, leiðarvísi um jafnréttismat o.fl.

Innra samráð :
- Ástæða kann að vera til að ráðgast við FJR um „Mat á áhrifum/ frummat“ (drög). Slík athugun gæti tekið u.þ.b. tvær vikur.
- „Áform um lagasetningu“ og „Mat á áhrifum/frummat“ lögð fram á fundi ráðuneytisstjóra. Meginregla en rökstudd frávik möguleg í undanteknigar-tilvikum. FJR metur þörf á ítarlegra mati (ríkissjóður og efnahagsmál, útgjaldarammi). Skjölin sendist rafrænt á for@for.is fyrir kl. 15 daginn fyrir fund. Tvær vikur (a.m.k.) til aths. (öll ráðuneyti). Aths. sendist rafrænt á viðk. ráðuneyti og afrit á for@for.is.
- Samræmingarnefnd ráðherra?
- Ríkisstjórn?

Ytra samráð:
- Gæta þarf að lögbundnu samráði, sé um það að ræða.
- Fulltrúum annarra ráðuneyta, stofnana, sveitarfélaga eða hagsmunaaðila kann að vera boðið að taka þátt í samningu frv.
- „Áform um lagasetningu“ og „Mat á áhrifum/ frummat“ birt í samráðsgátt ráðuneyta o.fl. á Ísland.is. Meginregla, undantekningar mögulegar. Tvær vikur (a.m.k.) til athugasemda.

Frumvarp og þingmálaskrá

Undirbúningur:
- Væntanlegar tillögur að málum á þingmálaskrá. mótast í fag-ráðuneytum, sbr. einnig „Áform um lagasetningu“

Útgáfa:
- FOR safnar tillögum ráðuneyta saman og drög að þingmálaskrá eru lögð fyrir ríkisstjórn
- „Áform um lagasetningu“ hafi verið kynnt áður
- Skráin er gefin út við upphaf haustþings í sept. og uppfærð í jan.

Samning frumvarps

Skjalavinnsla:
- Eyðublaðið „Mat á áhrifum/ frummat“ þróast yfir í „.../ endanlegt mat“, sbr. sömu gátlista
- Ef málið er nýtt þarf að sækja sniðmát stjórnarfrumvarps á althingi.is
- Ef málið er endurflutt þarf að sækja Microsoft Word útgáfu þess á althingi.is

Leiðbeiningar:
- Fasahjálp í frumvarpsmálum
- „Breytingalög, leiðbeiningar og dæmi“ á althingi.is
- „Handbók um undirbúning og frágang laga-frumvarpa“ á stjr.is

Tilkynningarskylda?
Tímafrestir skv. EES-samningnum eru á bilinu 2-4 mánuðir

Frumvarpsdrög tilbúin

Innra samráð:
- Frumvarpsdrög (yfirfarin í fagráðuneyti) og „Mat á áhrifum/ endanlegt mat“ kynnt öðrum ráðuneytum og opinberum stofnunum, eftir atvikum
- Fleiri fylgiskjöl möguleg eða æskileg, t.d. „samanburðarskjal“ (texti laganna ef frumvarpið nær fram að ganga, breytingar auðkenndar)
- Gæta þarf að lögbundnu samráði, svo sem við Samband ísl. sveitarfélaga varðandi fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög

Ytra samráð:
- Frumvarpsdrög og „Mat á áhrifum/endanlegt mat“ birt í samráðsgátt ráðuneyta o.fl. á Ísland.is. Meginregla en rökstudd frávik möguleg í undantekningartilvikum. Tvær vikur til athugasemda (a.m.k.).
- Fleiri fylgiskjöl möguleg eða æskileg, t.d. „samanburðarskjal“
- Gæta þarf að lögbundnu samráði

Yfirlestur FJR og FOR

Yfirlestur FJR:
- Skjöl send FJR:
1) Lagafrumvarp
2) „Mat á áhrifum/endanlegt mat“
3) „Samantekt um stjórnarfrumvarp“
4) „Samanburðarskjal“ (ef fyrir hendi)
5) Önnur skjöl, eftir atvikum
- FJR fer yfir frumvarp og mat á áhrifum á grundvelli laga um opinber fjármál. Tveggja vikna frestur.
- Niðurstaða FJR getur verið tvenns konar:
a) Tilkynning um að ekki verði veitt sérstök umsögn FJR (meginregla)
b) Tilkynning um að veitt verði sérstök umsögn FJR (undantekning) og umsögn í kjölfarið (innan fjögurra vikna frá móttöku frv.)

Yfirlestur FOR:
- Áður en óskað er eftir yfirlestri FOR þarf (ritari ráðherra) að forskrá dagskrárlið fyrir ríkisstjórnarfund (*Í undirbúningi*)
- Skjöl send FOR:
1) Lagafrumvarp
2) „Mat á áhrifum/endanlegt mat“
3) „Samantekt um stj.frumvarp“
4) „Samanburðarskjal“ (ef fyrir hendi)
5) Önnur skjöl, eftir atvikum
- FOR fer yfir lagatæknileg og lögfræðileg atriði frumvarps. Tveggja vikna frestur (oft samhliða yfirlestri FJR).
- FOR veitir umsögn um frumvarpið til ríkisstjórnar, með eða án athugasemda

Framlagning og afgreiðsla í ríkisstjórn

Skjöl til ríkisstjórnar:
1) Lagafrumvarp
2) Minnisblað
3) „Mat á áhrifum/endanlegt mat“
4) „Samantekt um stjórnarfrumvarp“
5) Umsögn FOR
6) Önnur fylgiskjöl, eftir atvikum

Tímasetningar:
- Ríkisstjórnarfundir að jafnaði haldnir kl. 9.30 á þriðjudögum og föstudögum á meðan Alþingi situr en vikulega utan þess tíma
- Tillaga um dagskrárlið með málsskjölum send inn fyrir kl. 15 á mánudögum og fimmtudögum (*Tilbúið fyrir fund*)
- Gögnin aðgengileg ríkisstjórn kl. 16

Stjórnarráð Íslands
Forsætisráðuneytið